

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þau gjöld sem grunnskólanemar hafa þurft að greiða vegna skólaferðalaga, árshátíða og annara viðburða síðastliðið ár - R19050009

Grunnskólinn er samkvæmt lögum gjaldfrjálss og þarf það að gilda um allt sem tengist skólanum. Engu að síður hefur fregnast að börnin þurfi að greiða ýmis konar gjöld sem börn hafa þurft að greiða vegna ferða og viðburða. Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar frá skólum borgarinnar um gjöld vegna skólaferðalaga, árshátíðar og annarra viðburða síðastliðið ár sem börn hafa þurfa að greiða til að fá að taka þátt. Það er mikilvægt að fá þessar upplýsingar til að sjá hvernig þessum málum er háttað. Vitað er að það eiga ekki allir foreldrar aukakrónur til að standa straum af kostnaði sem þessum. Börn efnalítilla og fátækra foreldra þurfa þess vegna stundum einfaldlega að sitja heima og það er sárt. Það má aldrei vera þannig að barn geti ekki tekið þátt í skólatengdum viðburðum vegna þess að foreldri getur ekki greitt uppsett gjald. Að mismuna börnum vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Börn fátækra foreldra fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómsunda. Skólatengdir félagslegir viðburðir og verkefni eru stundum eina tómsund þessara barna.